assyni í Þingeyjarsýslu, þar sem hann býðst til að ferðast um næstkomanda sumar og leiðbeina í jarðyrkju og þesskonar efnum, ef amtsráðið vilji sjá sjer fyrir sanngjarnri borgun. Amtsráðið vildi ganga að þessu boði þannig, að Páll ferðist um næsta sumar í Þingeyjarsýslu, ef sýslunefndin, eða sýslunefndirnar þar í sýslu vilja veita honum 200 kr. þóknun úr sýslusjóði, og mun amtsráðið þá sjá um, að Páll fái aðrar 200 kr. til viðbótar, svo hann hafi alls 400 kr. auk þess, er einstakir menn, sem hann starfar hjá, kunna til að leggja. **69** 5. febr.

40. Amtsráðið ákvað, að verja skyldi á komanda vori 200 kr. úr búnaðarsjóði amtsins til að kaupa fyrir nokkur af verkfærum þeim, sem á Skotlandi eru höfð til að skera fram mýrar í búfjárhögum. Fól ráðið forseta sínum að skrifa til Skotlands eptir verkfærunum með fyrstu póstskipsferð í vor, og fá þau send hingað á Akureyri með fyrstu ferð Díönu. Er svo til ætlað, að verkfærin verði síðan seld þeim, er vilja nota þau, með sama verði sem þau eru keypt fyrir, svo búnaðarsjóðurinn eigi skerðist við þetta meira en svarar flutningskostnaði verkfæranna hingað til lands.

41. Að síðustu samþykkti amtsráðið að veita 50 kr. þóknun af jafnaðarsjóðnum fyrir skriftir við amtsráðið árin 1877 og 1878.

Fleiri mál komu eigi fyrir á þessum fundi.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* styrk til gripasýninga. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 18. f. m. hefi jeg af fje því, sem getur um í 10. gr. C. 5 fjárlaganna, veitt sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu og framfarafjelagi Eyfirðinga sem styrk til þess að halda gripasýningu, hinni fyrnefndu 200 kr., hinu síðar nefnda 100 kr. **70** 5. maí.

Um leið og jeg tjái yður þetta, sendi jeg yður til þóknanlegrar ráðstafanar hina síðar nefndu ávísun. Þar á móti hefir hin fyr nefnda ávísun verið send sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu beinlínis.

— *Brjef* landshöfðingja *til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um* breytingu á þingstað. — Í þóknanlegu brjefi frá 21. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt mjer frá því, að íbúar fremra Torfastaðahrepps, er enn þá eiga þingstað með íbúum ytra Torfastaðahrepps að Svarðbœli, hafi óskað eptir því, að hreppurinn hefði fundarstað sjer, er væri haganlega settur fyrir sveitina, bæði fyrir þinghöld og almenna fundi í sveitarþarfir, svo að fundir þessir gætu orðið sem fjölsóttastir og áhugi manna á almennings-málefnum glœðst að því skapi. Með því að þjer ætlið, að mál þetta heyri undir löggjafaratkvæði alþingis spyrjizt þjer fyrir, hvort ekki sje nauðsynlegt, að hlutaðeigandi hreppsbúar sendi bœnarskrá til alþingis um það. **71** 7. maí.

Af þessu tilefni vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi hreppsbúum, að samkvæmt 18. gr. tilskipunar um sveitarstjórn 4. maí 1872 virðist ekki geta orðið spurning um, að þeir þurfi samþykkis frá öðrum en sýslunefndinni til hinnar fyrirhuguðu ráðstöfunar, sbr. að öðru leyti brjef mitt 26. maí 1876 (stjórnartíð. B. 61) 2. gr.